

Börkur Sigurbjörnsson

Vinavöði

örsaga



Urban Volcano

Vinavoði


Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2017
<http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson
Útgefandi: Urban Volcano

<http://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, hljóðritun eða upplestri í rigningarúða á Lækjartorgi, svo fremi sem vísað er í höfund, efniinu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



Vinavöð

Þegar Pétur steig inn í lestarvagninn sá hann að lestin var óvenju þéttsetin miðað við tíma dags. Hann leit í kringum sig og kom á undraverðan hátt auga á fellisæti sem var einungis upptekið af bakpoka. Bakpokaiegandinn — ungur maður á efri táningsárum — leit upp þegar Pétur nálgadist sætið, brosti, færði bakpokann og hélt setunni niðri á meðan Pétur settist.

„Kærar þakkir“ sagði Pétur, gagntekinn af kurteisi unglingsins. Ef einungis væru fleiri eins og hann á meðal hans kynslóðar. Hann var einstakt fordæmi.

Lestin mjakaðist af stað og Pétur kom sér vel fyrir, tók upp bókina sína og byrjaði að lesa. Hann naut þess að geta sökkst sér niður í góða bók á leiðinni í vinnuna.

Pétur hafði ekki lesið mörg orð þegar hann var truflaður af lágu mögla byssuskota, sprenginga, hrópa og kalla. Einhver í nágreninu var að spila tölvuleik eða horfa á kvikmynd í símanum án heyrnartóla. Þetta náði ekki nokkurri átt. Hvernig gat nokkur maður truflað rólega morgun umferðina með þvílíkt tillitslausu hátterni? Hann varð að gera eitthvað til þess að stöðva þennan óskapnað.

Pétur leit upp frá bókinni og fann sér til skelfingar að óhljóðabelgurinn var vingjarnlegi unglingurinn sem hafði verið svo góður að bjóða honum sæti. Pétur opnaði munninn en sagði ekki neitt. Hann gat ekki hugsað sér að skamma þennan unga mann sem hafði verið svo almennilegur.

Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnunum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano